

YFIRLÝSING UM TRÚNAÐ

fyrir samstarfsaðila

Yfirlýsing þessi nær til samstarfsaðila VIRK, _____,
kt. _____, fyrir Starfsendurhæfingarsjóð.

Í íslenskum lögum eru ákvæði er varða þagnarskyldu. Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, almenn hegningarlög nr. 19/1940, lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 hafa öll að geyma ákvæði, sem mæla fyrir um að þeir sem umgangast ákveðnar upplýsingar, séu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir kunna að verða áskynja um í starfi sínu. Sumum þessum lagaákvæðum fylgja refsíákvæði.

Starfsendurhæfingarsjóður býr yfir viðkvæmum upplýsingum um skjólstæðinga sína, starfsmenn og aðra hagsmunaaðila. Mikilvægt er að fyllsta trúnaðar sé gætt og að enginn óviðkomandi hafi aðgang að viðkvæmum upplýsingunum, hvorki innan sjóðsins, né utan.

Samstarfsaðili VIRK er bundinn trúnaðar og þagnarskyldu um hvað eina sem hann verður áskynja í starfi sínu varðandi starsemi VIRK, stofnaðilana og viðskiptavini og um hvað eina sem skaðað gæti hagsmuni þeirra. Þagnarskyldan gildir bæði utan og innan VIRK.

Ofangreindur aðili er bundinn þagnarskyldu um allt það sem hann fær vitneskju um í tengslum við vinnu sína fyrir sjóðinn, nema um sé að ræða atriði sem aðrir aðilar hafa heimild til að fá vitneskju um eðli málsins samkvæmt.

Samstarfsaðili sem vegna eðli samstarfs síns fær sértækan aðgang í rekjanlegt upplýsingakerfi sjóðsins, getur búist við því síðar að verða spurður um ástæður skoðunar. Honum er óheimilt að nýta upplýsingar úr upplýsingakerfunum í eigin þágu.

Þeir sem fá aðgang að upplýsingakerfum fá sérstakt notandaheiti, sem auðkennir þá. Óheimilt er að nota notandaheiti, sem öðrum hefur verið úthlutað eða veita öðrum aðgang að kerfunum með því að lána notandaheiti og lykilorð.

Þegar nýjum notanda er úthlutað aðgangi, er honum úthlutað lykilorði. Þessu lykilorði ber honum að breyta í fyrsta skipti sem hann opnar eitthvert af þeim kerfum sem það veitir aðgang að. Þegar lykilorð rennur út má ekki velja sama lykilorð aftur. Lykilorð skulu vera minnst 9 stafir og vera blanda af hástöfum og lágstöfum og/eða bókstöfum og tölum. Þegar farið er frá tölvu, ber að sjá til þess að ekkert upplýsingakerfi sé opið til aðgangs fyrir óviðkomandi.

Með undirskrift sinni hér að neðan staðfestir ofangreindur aðili að hann hafi lesið þessar reglur og skilið. Einnig staðfestir hann þagnarskyldu sína samkvæmt ofangreindu, að refsíábyrgð liggi við broti á henni og að hún haldist þó að hann láti af núverandi verkefni eða starfi.

Staður og dagsetning: _____

Undirskrift: _____

Vottur: _____ kt. _____